

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Vestfjarðasvæðis nr. 388/2017
vegna leyfisveitinga, eftirlits og annarrar gjaldskyldrar starfsemi.**

1. gr.

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Tímagjald	kr. 14.214
Gjald vegna rannsóknar á neysluvatnssýni skv. eftirlitsáætlun	kr. 22.660
Sýnatökugjald samkvæmt eftirlitsáætlun vegna mælinga örvera og einfaldra eðlisfræðilegra mælinga	kr. 13.905

Gjald fyrir sýni sem tekin eru skv. samningum eða að ósk einstaklinga eða fyrirtækja er kr. 13.905 að lágmarki, en sé raunkostnaður við rannsókn skv. reikningi frá rannsóknastofu hærri skal innheimta raunkostnað að viðbættu 35% umsýslugjaldi. Einnig skal innheimta akstursgjald og vinnutíma skv. tímagjaldi ef ekki er unnt að samnýta ferðir og vinnu vegna sýnatökunnar.

2. gr.

Gjöld skv. viðauka gjaldskrárinnar hækka hlutfallslega í samræmi við ofangreinda breytingu.

Auglysing þessi er samin með heimild í 8. gr. laga um tóbaksvarnir nr. 6/2002 með síðari breytingum, samkvæmt 3. mgr. 46. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum og samkvæmt X. kafla laga um matvæli nr. 93/1995 með síðari breytingum. Gjaldskrár-breyting þessi var samþykkt í heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis þann 7. desember 2018 og öðlast gildi við birtingu.

Bolungarvík, 1. mars 2019.

Anton Helgason,
framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Vestfjarðasvæðis.

B-deild – Útgáfud.: 15. mars 2019